

renna *so sb-3 – drekka*
[rann, runnum, runnið]

– ég rann í hálkunni

‡ • renna (so vb); hlaupa

bjóða *so sb-2 – bjóða*
[bauð, buðum, boðið]

– má bjóða þér meira kaffi?

‡ • boða, boð

þarna *ao*

– þarna er bíllinn

‡ » þar « hérna, hér

engin-n *fn*
[-, ekkert; engir, engar, -]

– það á enginn heima þarna

‡ engi « allur

útvarp *hk – hús Ö*
[-s, útvarp]

– ég er að hlusta á útvarpið

‡ • út, varpa; sjónvarp

sjúkling-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– sjúklingurinn er mjög veikur

‡ • sjúkdómur, sjúkrahús

hvert *fn*

– hvert ertu að fara?

‡ « hvaðan, þaðan

fjall-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– um hvað fjallar bókin?

‡

spýt-a *kv – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– krakkarnir safna spýtum í kofa

‡

sofna *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hún er að sofna

‡ • sofa, svefn, svefnherbergi

lokað-ur *lo – gular Ö*
[lokuð, -; -ri, -astur]

– safnið er lokað í dag

‡ lokaðr • loka; ljúka, lokinn, lok, loks(ins) «
opinn

‡

auming-i *kk – tími*
[-ja, -jar]

– þú ert algjör aumingi!

meiða *so vb-i – heyra*
[meiddi]

– hún meiddi sig í fætinum

‡

smáatriði *hk – hús*
[-s, -]

– þetta er bara smáatriði!

‡ • smár, atriði

sólskin *hk – hús*
[-s, -]

– það er sólskin

‡ • sól, skína; sólarhringur

heilbrigð-ur *lo – gular*
[-, heilbrig; -ari, -astur]

– heilbrigð sál í hraustum líkama

‡ heilbrigðr • heill, heilsa (no), heild